

# Leiðtogi hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi



Á Reykhólum er hægt að lifa af launum sínum!  
Flutningsstyrkur.

## Reykhólahreppur auglýsir eftir verkefnastjóra hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi.

Leitað er að leiðtoga með brennandi áhuga á mótun og uppbyggingu sjálfbærs hringrásarsamfélags sem hefur getu til að halda utan um mismunandi verkþætti og hafa yfirsýn sem hjálpar við ákvarðanatöku og miðla réttum og skýrum skilaboðum til hagsmunaaðila.

Um er að ræða tvöggja ára verkefni.

### Helstu verkefni:

- Vinna með sveitarstjórn og hagaðilum að mótun hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi
- Gerð og mótun auðlindafélags Reykhóla
- Þátttaka í greiningarvinnu
- Fjárfestakynningar
- Samskipti við hagaðila
- Upplýsingamiðlun, kynningar og fræðsla fyrir íbúa um hringrásarsamfélag
- Umsóknir í sjóði

### Menntun og hæfni:

- Mikil samskiptahæfni skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á upplýsingamiðlun nauðsynleg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu kostur
- Hæfni til að móta nýjar leiðir og leita að stöðugum umbótum kostur



### Um Reykhólahrepp:

Í sveitarfélaginu Reykhólahreppi búa rúmlega 240 manns, þar af um 120 manns á Reykhólum sem er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu. Á Reykhólum er að finna mesta jarðhita Vestfjarðakjálkans og framtíðarsýn Reykhólahrepps er að nýting jarðhita á Reykhólum verði samfélaginu til framdráttar, efla starfsemi starfandi fyrirtækja á Reykhólum og laði að ný fyrirtæki.

Með uppbyggingu hringrásarsamfélags í Reykhólahreppi er leitast við að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið í skipulagningu, stýringu og framkvæmd með það fyrir augum að auka aðdráttarafi svæðisins til fjárfestinga og nýsköpunar.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2023.** Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við stéttarfélag háskólafólks.

Áhugasamir sendi kynningarbréf, meðmælabréf og ferilskrá á netfangið [johanna@reykholar.is](mailto:johanna@reykholar.is) Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Ösp Einarasdóttir í síma 698-2559 eða á meðfylgjandi netfangi.